

Aðalfundur Félags smábátæigenda á Austurlandi,

haldinn 27. september 2018 samþykkir eftirfarandi:

Tillögur til 34. aðalfundar Lands sambands smábátæigenda

1. Aðalfundur Félags smábátæigenda á Austurlandi krefst þess að suðurmörk „skáps“ norðan Glettinganess verði færð norður í Ósafles og leggur til að mörk svæðisins verði við Ósafles 65°37,4 - 13°54,8 og þaðan til NNA í stað 65°45,00 – 13°48,0 síðan réttvísandi til austurs að 12 mílna mörkum.

Í dag er skipum í flokki 2 og 3, þ.e. skipum styttri en 42 metrar og með aflvísi lægri en 2500, heimilar togveiðar allt inn að 6 sml. norðan línu réttvísandi austur úr Glettinganesi 65°30,5, samanber lög nr. 79 26. maí 1997 um fiskveiðilandhelgi Íslands.

Flokkar 2 og 3:

B.3. Allt árið utan línu sem dregin er 6 sjómílnur utan viðmiðunarlínu milli lína réttvísandi norðaustur frá Langanesi (vms. 10) og réttvísandi austur frá Glettinganesi (vms. 13... 65°30,50) allt árið.

Það er með öllu óskiljanlegt að togveiðar skulu vera heimilar svo nærri landi á viðkvæmum svæðum, svo viðkvæmum að í yfirgripsmikilli skýrslu starfhóps um endurskoðun á veiðarfærum – veiði- og verndarsvæðum, er talin þörf á að vernda nærliggjandi svæði fyrir handfæraveiðum.

2. Aðalfundur Félags smábátæigenda á Austurlandi telur að veiðigjöld skuli lögð á af hófsemi þannig að allir útgerðarflokkar séu skattlagðir af skynsemi en ekki af óhóflegri græðgi hins opinbera. Það er veruleg hættu á að ef veiðigjöld verði óbreytt á minnstu útgerðirnar munu margar þeirra lenda í rekstrarvanda sem gæti leitt til gjaldþrots þeirra með tilheyrandi byggðaröskun og atvinnuleysi.

Það er krafa fundarins að veiðigjöld séu lögð á í samræmi við afkomu hvers útgerðarflokks.

3. Aðalfundur Félags smábátæigenda á Austurlandi telur að landið skuli EKKI vera með einn sameiginlegan strandveiðipott. Vill fundurinn að aflaheimildum ætluðum til strandveiða verði skipt niður á svæði líkt og verið hefur undangengin ár á meðan hverjum strandveiðibát eru ekki tryggðir 12 veiðidagar í mánuði, 4 mánuði á ári.

4. Aðalfundur Félags smábátæigenda á Austurlandi vill að línuválnun verði aukin hjá bátum 15 metrar og styttri, sem stunda dagróðra. Línufiskur er eftirsótt gæðavara, auk þess eru línuveiðar mun umhverfisvænni en togveiðar.

5. Aðalfundur Félags smábátæigenda á Austurlandi gerir athugasemdir við tillögur starfshóps um veiðarfæri, veiði- og verndarsvæði að lokunum fyrir handfæraveiðum. Stærð lokunarsvæðanna er ákvörðuð af sögu skyndilokana árin 2013, 2015 og 2016. Krafa fundarins er að engar lokanir verði án undangenginna aldursgreiningar og stærðarmælinga á þeim fiski sem á að loka á. Líklegt er að fiskur sem var of smár 2013 hafi vaxið og þyngst og hugsanlega farið af lokunarsvæðinu.

Lagt er til að ef farið verði að tillögum hópsins um lokanir fyrir handfæraveiðum við og suður af Glettinganesi að í stað 15. maí komi 1. júní, sem upphafstími lokunar. Ástæðan er sú að í maímánuði má oftast finna góðan fisk á blettum innan fyrirhugaðs lokunarsvæðis. Bent skal á að þessi svæði falla undir lokun vegna hrygningarstopps frá 15. apríl til 30. apríl.

6. Aðalfundur Félags smábátæigenda á Austurlandi hafnar hugmyndum um kvótasetningu á grásleppu. Einnig vill fundurinn að hægt sé að gera hlé á veiðum.
7. Aðalfundur Félags smábátæigenda á Austurlandi vill að hægt verði að segja sig frá strandveiðum og fá aftur almennt veiðileyfi hvenær sem er á strandveiðitímabilinu.
8. Aðalfundur Félags smábátæigenda á Austurlandi leggur til að allar undanþágur til heimavigtunar og eða frávigtnar verði felldar úr gildi og allur afli verði endanlega vigtaður í þeirri höfn sem honum er landað í.
9. Aðalfundur Félags smábátæigenda á Austurlandi lýsir fullum stuðningi við hvalveiðar.